NÁMSSTEFNAN NÁM 2005 – STRAUMAR OG STEFNUR Í ATVINNULÍFSFRÆÐSLU

Í byrjun nóvember 2005 sótti undirrituð námsstefnu í Orlandó, Flórída. Yfirskrift námsstefnunnar var: "Learning 2005" - ártalið vísar til þess að þetta sé hugsað sem árlegur viðburður. Og viðburður var það. Á þremur dögum voru í boði 6 almennir stórir námsfundir með námsviðburðum fyrir alla þátttakendur í einu og um 200 málstofur og vinnufundir sem þátttakendur gátu valið úr eftir áhuga. Markmiðið með námstefnunni var að fá saman fólk sem vinnur að fræðslu á ýmsum sviðum atvinnulífsins og kynna og ræða ný sjónarmið, áherslur og aðferðir í fræðslumálum. Og ekki vantaði nýjar og skemmtilegar hugmyndir. Flestar tengdust þær tækni og tíðaranda á einhvern hátt. Ekki eru tök á að fara ítarlega í þær hugmyndir sem þarna komu fram heldur gefa hugmynd um það sem þarna fór fram.

Hugtök sem mikið hljómuðu voru: "podcast, wikipedia, learning wiki, learning net, learning blog, learning beam, learning land, simulation, gaming." Ef reynt væri að þýða þessi hugtök á íslensku með kennslufræðiívafi gætu þau hljómað svona: námsefnisvarp (podcast, samanber útvarp í gegnum ipodtæki), alfræðasafn á netinu (wikipedia), námsefnissafn sem samanstendur af texta, myndum, hljóðefni og hreyfimyndum (learning wiki), samskiptanet þeirra sem hafa svipaðar námþarfir (learning net), tjáning á netinu um námið og námsefnið (learning blog), tæki til að láta skoðanir í ljós í stórum hópi og vinna með þær (learning beam), kjöraðstæður til náms á vinnustað og í skóla (learning land), nám í hermum og tölvuleikjum.

Á námstefnunni komu fram margir þekktir menntafrömuðir og framtíðarhugsuðir og kynntar voru bækur og námsgögn sem takast á við nýja tíma í menntun og fræðslu.

Má þar nefna blaðamanninn Malcolm Gladwell sem hefur skrifað metsölubækurnar The Tipping Point og Blink og einnig Steven Johnson sem hefur skrifað bækurnar Mind Wide Open og Everything Bad Is Good For You sem fjallar um hversu gagnleg námstæki tölvuleikirnir eru.



Mynd af hugkorti á ráðstefnunni

Það sem efst er í huga eftir að hafa kynnst nýjum hugmyndum og aðferðum er hvað nútíma atvinnulíf og tækni gera miklar kröfur til starfshæfni og jafnframt hvað tæknin gefur okkur ótrúlega möguleika á að gera nám spennandi, skemmtilegt, einstaklingsmiðað og árangursríkt og opnar fyrir nýjar víddir sem ekki eru mögulegar með hefðbundinni nálgun. Þekking heimsins hefur tvöfaldast síðastliðna 18 mánuði og ekkert lát virðist vera á þeirri aukningu. Það verður sífellt flóknara að fást við dagleg störf og daglegt líf en við höfum að sama skapi ótal möguleika á að auðvelda þeim námið sem búa sig undir líf og starf í flóknu þjóðfélagi með þeim aðferðum sem tæknin gerir mögulegar. Við sem störfum að fræðslumálum þurfum að vera vel vakandi fyrir öllum þeim möguleikum.

Sigrún Jóhannesdóttir,
sérfræðingur á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.